



## Hreppsnefnd 18. desember 2001

Fundargerð hreppsnefndar 18. des. 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 18. des. 2001 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar. Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð frá 4. des. sl. Varðandi 5. tl. greindi oddviti, Aðalbjörn Björnsson frá því að verið væri að ganga frá því að ráða sérstakan starfskraft í verkefnið "Vopnfirðingar virkja".

Árni Róbertsson gerði fyrirspurn um fyrirkomulag og skipun í starfshóp verkefnisins og spunnust nokkrar umræður út frá því. Hreppsnefndarmenn voru sammála um að til greina kæmi að skoða fyrirkomulagið nánar á nýju ári. Varðandi 4. tl. var gerð grein fyrir stöðu viðræðna við Byggðastofnun og viðskiptum milli Skiphólma ehf. og Tanga h/f.

2. mál. Tillögur að álagningu sveitarsjóðsgjalda á Vopnafirði árið 2002.

Samþykktir um álagningu sveitarsjóðsgjalda á Vopnafirði 2002 og heimild til handa sveitarstjóra til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu 2002 meðan fjárhagsáætlun hefur ekki verið samþykkt.

I. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að álagt útsvar á Vopnafirði 2002 verði 13,03 % af útsvarsstofni.

II. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2002 verði lögð á sem hér segir:

a) Fasteignaskattur á :

- 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. 0,4 % af heildarfasteignamati
- 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. 1,65 % af heildarfasteignamati

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi 0,28 % af fasteignamati húss.

Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 14 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. Holræsagjald nemi 0,15 % af heildarfasteignamati.

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjald dagar fasteignagjalda 2002 verði 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október. Eindagi verði 15 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.

Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrispega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts

skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2001 skv. skattframtali 2002:

a) Einstaklingar

Brúttótekjur 2001 allt að kr. 1.240.000 100% niðurfelling

Brúttótekjur 2001 allt að kr. 1718.000 50 % niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2001 allt að kr. 1.840.000 100 % niðurfelling

Brúttótekjur 2001 allt að kr. 2.295.000 50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna (hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áranna 2001 og 2002 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir skal hreppsnefnd ákveða um lækkun eða niðurfellingu.

III. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2002. Gjaldið skal vera kr. 6.500 á íbúð. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

IV. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að heimila sveitarstjóra að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur úr sveitarsjóði á árinu 2002, meðan fjárhagsáætlun vegna ársins hefur ekki verið samþykkt.

Tillagan í heild sinni samþykkt

3. mál. Umsókn og tillaga um lántöku til skuldbreytinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Lögð fram umsókn um lán frá Lánasjóði Sveitarfélaga dags. 5. des. sl.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði Sveitarfélaga í samræmi við úthlutun stjórnar sjóðsins 13. des. sl., samtals að fjárhæð 10.000 þús. kr., vegna skuldbreytinga. Lánið er í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum, nú 4,5 %, tryggt með vísitölu neysluverðs og til 15 ára. Í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins samþykkir hreppsnefnd ennfremur að veita tryggingu í tekjum sveitarfélagsins, vegna lántökunnar sbr. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjóra er falið að ganga frá lántökunni og undirrita nauðsynlega pappíra í því sambandi.

Samþykkt samhljóða

4. mál.. Vegagerð ríkisins, bréf dag. 20. nóv. sl. varðandi framkvæmdir á Hringvegi: Biskupsháls-Langidalur.

Lagt fram til kynningar.

5. mál. Löggildingarstofa, skýrsla vegna bruna í Vopnafjarðarskóla. Sveitarstjóri skýrði helstu atriði skýrslunnar.

Lagt fram til kynningar.

6. mál. Húsfríðunarnefnd ríkisins, umsókn til endurbyggingar Kaupvangs dags. 30. nóv. sl. Lagt fram til kynningar.

7. mál. Hollustuvernd ríkisins, bréf dags. 27. nóv. sl. varðandi umbætur á urðunarsvæði hreppsins. Sveitarstjóri skýrði frá því að girða þyrfti urðunarsvæðið og takmarka síðan aðgang að svæðinu með ákveðnum opnunartíma þess.

Samþykkt samhljóða.

8. mál. Landsbanki Íslands, bréf dags. 10. des. varðandi þjónustuminnkun bankans. Lagt fram til kynningar.

9. mál. Bréf dags. 5. des. sl. varðandi makaskipti á húseign bréfitara að Kolbeinsgötu 7 á móti Lónabraut 43, skv. tilteknum skilmálum.  
Fram kom svofelld tillaga:

Á árinu hefur verið unnið að því að fá uppgjör við Íbúðalánasjóð, vegna fyrri viðskipta með húseignina.

Í september síðastliðnum fengust endurgreiddar 2.265 þús. kr. frá Íbúðalánasjóði, vegna umgetinna viðskipta. Þessi endurgreiðsla var aðal þröskuldur á fyrri stigum við sölu á eigninni, en tvö tilboð hafa borist í eignina um makaskipti á henni og öðrum eignum.

Í upphafi var gert ráð fyrir því að uppgjör þetta tæki mun skemmri tíma en raun varð á. Sveitastjóri taldi því ekki ástæðu til að eignin væri leigð út fyrr en það lægi fyrir.

Í dag hvílir á eigninni lán upphaflega að fjárhæð 7.550 þús. kr. með 1 % vöxtum.

Hér er lagt til að eignin verði ekki seld að svo stöddu, heldur leigð tímabundið, enda liggur fyrir vilyrði um slíka afgreiðslu.

Samþykkt með 4 atkv.

10. mál. Bréf dags. 6. des. sl. frá Siglingastofnun, varðandi viðbótarstyrk úr Hafnarbótasjóði að fjárhæð 16,9 milljónir. kr., vegna hafnarframkvæmda á Vopnafirði.

11. mál. Bréf dags. 7. des. sl. varðandi sölutilboð á húseigninni Hafnarbyggð 57, Vopnafirði. Samþykkt var að ganga að sölutilboðinu.

12. mál. Nýr þjónustusamningur um skráningu atvinnuleysis dags. 7. des. sl. Lagður fram til kynningar og samþykktar

13. mál. Ýmsar styrkbeiðnir:

a) Samkór Vopnafjarðar bréf dags. 14. des. sl. þar sem óskað er eftir 200.000 kr. styrk.

Vísað til fjárhagsáætlunnar.

b) Kvennaathvarf bréf dags. 14. des. sl., þar sem óskað er eftir 50.000 kr. styrk.

Vísað til fjárhagsáætlunnar.

c) Ungmennafélagið Einherji bréf dags. 7. des. sl. varðandi rekstrarstyrk, skrifstofuaðstöðu og bættu aðstöðu til iðkunnar íþróttu utanhúss.

Vísað til fjárhagsáætlun með styrkin og íþróttaaðstöðu, en samþykkt að Einherji fái leigða húsnæðisaðstöðu á neðri hæð Hamrahlíðar 15.

d) Stígamót.

Vísar til fjárhagsáætlunnar.

e) Fundargerð launanefndar sveitarfélaga, frá 15 des. sl.

Lagt fram til kynningar.

f) Bréf Héraðsskjalasafnsins frá 8. nóv. sl. og stjórn safnsins frá 4. okt. sl. og 8. nóv. sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira var ekki tekið fyrir og sleit oddviti fundi þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu óskaði þeim gleðilegra jóla.